

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 23. maí 2023

Mál nr. S-1029/2023:

## Héraðssaksóknari

(Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

**X,**

(Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður)

**Andreeu-Efigeniu Feraru,**

(Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður)

**Victor-Doru Nicolau,**

(Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður)

**Ion Calin**

(Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður)

og **Y**

(Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 5. maí 2023, er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 2. febrúar 2023, á hendur X, Andreeu-Efigeniu Feraru, [...], Victor-Doru Nicolau, [...], Ion Calin, [...], og Y „aðallega og til vara fyrir brot er varða gjaldmiðil, en til þrautavara fyrir fjársvik, með því að hafa látið úti falsaða evru (EUR) peningaseðla í Reykjavík á árinu 2020 líkt og að neðan greinir:

### I

Á hendur X, Victor-Doru Nicolau og Ion Calin með því að hafa í kringum miðnætti dagana 18. og 19. janúar 2020, í félagi og í blekkingarskyni, afhent starfsmanni samtals 35 stykki af fölsuðum 100 evru seðlum og 22 stykki af fölsuðum 200 evru seðlum í spilasal Háspennu við Laugaveg 118 og fengið afhent til baka samtals 1.084.828 krónur.

### II

Á hendur X, með því að hafa:

1. Laugardaginn 18. janúar í verslun Hagkaups í Spönginni í tvö aðgreind skipti, í blekkingarskyni, greitt fyrir vörur með fölsuðum 200 evru seðlum er hún fyrst verslaði vörur að söluandvirði 1.837 krónur og fékk 22.763 krónur til baka og aftur er hún verslaði vörur að söluandvirði 1.066 krónur og fékk 23.534 krónur til baka.

2. Laugardaginn 18. janúar á bensínafgreiðslustöð N1 við Gagnveg 2, í blekkingarskyni, greitt fyrir vörur með fölsuðum 200 evru seðli er hún verslaði snakkpoka að óþekktu söluandvirði og fékk um 25.000 krónur til baka.

### III

Á hendur Andreea-Efigenia Feraru, með því að hafa laugardaginn 18. janúar, í verslun Hagkaups í Spönginni, í blekkingarskyni, greitt fyrir vörur með fölsuðum 200 evru seðli er hún verslaði vörur að söluandvirði 3.168 krónur og fékk 21.432 krónur til baka.

### IV

Á hendur Victor-Doru Nicolau, með því að hafa laugardaginn 18. janúar, í verslun Hagkaups í Spönginni, í blekkingarskyni, greitt fyrir vörur með fölsuðum 200 evru seðli er hann verslaði vörur að söluandvirði 2.838 krónur og fékk 21.762 krónur til baka.

### V

Á hendur Y, með því að hafa sunnudaginn 19. janúar, á veitingastaðnum Ölver við Álfheima 19, í blekkingarskyni, afhent starfsmanni falsaðan 100 evru seðil og fengið í staðinn 11.500 krónur.

Teljast brot ákærðu varða aðallega við 151. gr. en til vara við 152. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og til þrautavara við 248. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### *Einkaréttarkröfur*

Vegna máls lögreglu nr. 007-2020-2689, sbr. ákærulið nr. 1 í II. kafla, gerir Finnur Árnason, [...] forstjóri Haga hf., kt. 670203-2120, hér eftir nefndur kröfuhafi, fyrir hönd Haga hf. að ákærða X verði dæmd til að greiða kröfuhafa skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 49.200 -, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga, nr. 38/2001, frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað, eða hinn 18.01.2020, og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Vegna máls lögreglu nr. 007-2020-2689, sbr. III kafla ákæru, gerir Finnur Árnason, [...] forstjóri Haga hf., kt. 670203-2120, hér eftir nefndur kröfuhafi, fyrir hönd Haga hf. að ákærða Andreea-Efigenia Feraru verði dæmd til að greiða kröfuhafa skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 24.600 -, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga, nr. 38/2001, frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað, eða hinn 18.01.2020, og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Vegna máls lögreglu nr. 007-2020-2689, sbr. IV kafla ákæru, gerir Finnur Árnason, [...] forstjóri Haga hf., kt. 670203-2120, hér eftir nefndur kröfuhafi, fyrir hönd Haga hf. að ákærði Victor Doru Niculau verði dæmdur til að greiða kröfuhafa skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 24.600-, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga, nr. 38/2001, frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað, eða hinn 18.01.2020, og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Vegna máls lögreglu nr. 007-2020-8993, sbr. ákæruliðar í I kafla ákæru, gerir Bjarni Vilhjálmsson fyrir hönd Háspennu ehf., kt. 040268-5379, hér eftir nefndur kröfuhafi, þá kröfu að ákærðu X, Victor-Doru Niculau og Ion Calin verði dæmd til að greiða kröfuhafa skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 1.084.828-, auk vaxta, skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað, 18.01.2020, og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en síðan dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.“

Ákærða X neitar sök en kannast við að hafa notað umræddar eftirlíkingar af peningaseðlum eins og tilgreint er í ákæruliðum I og II en kveðst ekki hafa vitað að um falsaða peninga væri að ræða. Hún krefst sýknu en ef til sakfellingar kemur er þess til vara krafist að verknaðurinn verði heimfærður undir 2. málslið 1. mgr. 152. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða fellst á bótaskyldu vegna þeirrar háttsemi sem lýst er í ákæruliðunum þannig að henni beri að greiða Háspennu ehf. 1.084.828 krónur og Högum hf. 49.200 krónur.

Ákærði Victor-Doru neitar sök en kannast við að hafa notað umræddar eftirlíkingar af peningaseðlum eins og tilgreint er í ákæruliðum I og IV án þess að vita að þeir væru falsaðir. Hann krefst sýknu en ef til sakfellingar kemur er þess til vara krafist að

verknaðurinn verði heimfærður undir 2. málslíð 1. mgr. 152. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði samþykkir bótakröfu vegna notkunar á þessum fölsuðu seðlum þannig að honum beri að greiða Háspennu ehf. 1.084.828 krónur og Högum hf. 24.600 krónur.

Ákærði Ion neitar sök en kannast við að hafa notað eftirlíkingu af peningaseðli, 200 evrur samkvæmt ákærulið I, en kveðst ekki hafa vitað að um falsaða peninga væri að ræða. Hann krefst sýknu en ef til sakfellingar kemur er þess til vara krafist að verknaðurinn verði heimfærður undir 2. málslíð 1. mgr. 152. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði fellst á bótaskyldu þannig að honum beri að greiða Háspennu ehf. 1.084.828 krónur.

Ákærða Andreea-Efigenia Feraru neitar sök en kannast við að hafa notað eftirlíkingu af peningaseðli, 200 evrur samkvæmt ákærulið III, en kveðst ekki hafa vitað að um falsaða peninga væri að ræða. Hún krefst sýknu en ef til sakfellingar kemur er þess til vara krafist að verknaðurinn verði heimfærður undir 2. málslíð 1. mgr. 152. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Y neitar sök en kannast við að hafa notað peningaseðil, 100 evrur samkvæmt ákærulið V, en kveðst ekki hafa vitað að um falsaðan seðil væri að ræða. Ef til sakfellingar kemur er þess til vara krafist að verknaðurinn verði heimfærður undir 2. málslíð 1. mgr. 152. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er höfð uppi bótakrafa vegna þessa ákæruliðar.

Ákærðu krefjast öll sýknu en til vara að ákvörðun refsingar verði frestað eða hún felld niður. Komi til ákvörðunar refsingar verði hún að öllu leyti skilorðsbundin.

## I

### *Málsatvik*

Atvik þessa máls áttu sér stað um helgina 18. og 19. janúar 2020 og lúta einkum að kaupum á vörum í verslunum N1 og Hagkaups í Grafarvogi með eftirlíkingum af peningaseðlum, 100 og 200 evrum, og svo skiptum á þess konar seðlum fyrir íslenskar krónur í spilasal Háspennu ehf. að Laugavegi 118 auk þess sem ákærði Y nýtti seðil þessarar gerðar á veitingastaðnum Ölveri sunnudagskvöldið 19. janúar. Sá atburður er lítt eða ekki tengdur öðrum atvikum máls þessa.

Fyrsta tilvikið sem ákært er fyrir lýtur að kaupum ákærðu X á snakkpoka á bensínstöð N1 í Grafarvogi kl. 21:00 laugardagskvöldið 19. janúar en hún notaði eftirlíkingu af 200 evra seðli til að greiða fyrir varninginn. Nákvæmt söluverð hefur ekki verið upplýst né hve mikið hún fékk greitt til baka í íslenskum krónum en við það er látið sitja af hálfu ákærvaldsins að tilgreina að það hafi verið um það bil 25.000 krónur. Með

ákærðu voru í för ákærðu Andreea-Efigenia Feraru [...] og ákærði Ion Calin [...]. Hvorugt þeirra notaði eftirlíkingar af evrum á bensínstöðinni.

Næstu þrjú tilvik áttu sér stað á 19 mínútna tímabili sama kvöld í verslun Hagkaups í Grafarvogi. Klukkan 21:17 keypti ákærða X vörur fyrir 1.837 krónur og notaði eftirlíkingu af 200 evra seðli til að greiða fyrir varninginn og fékk til baka 22.763 krónur. Þá keypti ákærða Andreea-Efigenia Feraru leikfangabíl handa syni sínum að andvirði 3.168 krónur kl. 21:34 og notaði eftirlíkingu af 200 evra seðli til að greiða fyrir hann og fékk 21.432 krónur til baka. Seðilinn kvaðst hún hafa fengið frá ákærðu X til að kaupa umræddan leikfangabíl. Tveimur mínútum síðar, kl. 21:36, keypti X aftur vörur og nú fyrir 1.066 krónur, notaði eftirlíkingu af 200 evra seðli til að greiða fyrir varninginn og fékk 23.534 krónur til baka.

Tæplega klukkustund eftir að framangreind atvik áttu sér stað, kl. 22:33, keypti ákærði Victor-Doru Niculau í sömu verslun Hagkaups sígarettur fyrir X auk annars varnings samkvæmt framburði fyrir dómi, samtals að fjárhæð 2.838 krónur, notaði eftirlíkingu af 200 evra seðli til að greiða fyrir varninginn og fékk 21.762 krónur til baka.

Ákærðu X, Ion og Victor-Doru dvöldu samkvæmt framburði ákærðu fyrir dómi í um það bil klukkustund í spilasal Háspennu að Laugavegi 118 um miðnættið sama laugardagskvöld. Fyrirliggjandi ljósmyndir frá spilasalum bera með sér tímasetningar frá 23:47 til 00:50. Með þeim í för var samkvæmt gögnum málsins [...]. Á þeim tíma sem ákærðu dvöldu í spilasalum afhentu þau starfsmanni 35 eftirlíkingar af 100 evra seðlum og 22 eftirlíkingar af 200 evra seðlum og fengu í þeirra stað afhentar 1.084.828 krónur.

Fram kemur í gögnum málsins að ákærða X hafi farið í Bónus í Grafarvogi sunnudaginn 19. janúar 2020 kl. 14:02 og með henni í för hafi verið ákærði Ion. Greint er frá að hún hafi kl. 14:06 greitt með eftirlíkingu af 100 evra seðli og einnig skipt öðrum slíkum seðli og eftirlíkingu af 200 evra seðli. Ekki er ákært vegna þessa tilviks þrátt fyrir að Hagar hf. hafi kært það einnig.

Loks liggur fyrir að ákærði Y var staddur sunnudagskvöldið 19. janúar í veitingahúsinu Ölveri í Glæsibæ ásamt þremur öðrum að spila billjarð. Þar skipti hann eftirlíkingu af 100 evra seðli á barnum. Skömmu eftir að ákærði Y var farinn ásamt samferðamönnum sínum af veitingastaðnum áttaði starfsmaður veitingahússins sig á því að ekki væri um raunverulegan peningaseðil að ræða og hringdi á lögreglu. Lögreglu bárust síðan tilkynningar frá Högum hf., N1 hf. og Háspennu ehf. mánudaginn 20. janúar

sem leiddu til handtöku ákærðu X kl. 19:00 það kvöld. Um kvöldið voru teknar tvær skýrslur af henni og húsleit gerð á heimili hennar.

Ákærða X bar um það við yfirheyrslu lögreglu að kvöldi 20. janúar að hún hefði tekið það að sér að beiðni meðákærða Victors-Doru að skipta evruseðlum fyrir íslenskar krónur og farið á framangreinda staði í þeim tilgangi. Hann hefði greitt henni fyrst 20.000 krónur fyrir að skipta evrum á bensínstöð N1 og svo 40.000 krónur fyrir skipta 3.000 evrum á Háspennu ehf. Hún bar á þá leið að meðákærði hefði einnig fengið [...] til að skipta fyrir sig evrum. Ákærða greindi frá því að meðákærði kæmi einu sinni í mánuði til Íslands til að fá greiddar bætur frá félagsþjónustunni en hún hefði kynnst honum fyrir tveimur mánuðum. Hann hefði haldið til Rúmeníu á sunnudeginum eftir að þau höfðu skipt peningunum. Hún bar um að sér hefði verið ókunnugt um að peningarnir væru ekki ekta og hann hefði nýtt sér ungan aldur hennar og reynsluleysi.

Fram kom í framburði rannsóknarlögreglumanns fyrir dómi að hlé hefði orðið á rannsókn málsins í kjölfar framangreindra atvika vegna heimsfaraldurs Covid-19 og starfa lögreglu sem tengdust sóttvörnum. Ekki hefði verið hafist handa að nýju fyrr en komið var fram í nóvember 2020.

Ákærða X var að nýju yfirheyrð 4. nóvember 2020 um sakargiftir. Greindi hún þá frá því að hafa fundið peningana á leið heim úr skóla föstudaginn 17. janúar 2020. Um hefði verið að ræða 10.000 evrur sem hún hefði fundið í ómerktum hvítum innkaupapoka úr plasti í almenningsgarði [...]. Hún hefði gefið [...] af seðlunum og svo farið í fyrrgreindar verslanir án þess að láta sér til hugar koma að seðlarnir væru falsaðir. Starfsmaður N1 hefði borið seðilinn upp að ljósi og einnig sett hann undir eitthvert tæki áður en seðlinum var veitt viðtaka en hún hefði ekki skipt meira af seðlunum ef það hefði komið í ljós að þeir væru falsaðir. Hún hefði svo beðið meðákærða Victor-Doru að liðsinna sér við að komast inn á Háspennu til að skipta peningum og hann hefði fallist á það þar sem alls staðar hefði verið lokað á þessum tíma, hún hefði farið í banka ef það hefði verið opið. Hún hafi gefið Victor-Doru af evrunum sem og [...] enda ekki vitað að seðlarnir væru falsaðir. Sérstaklega aðspurð kvað hún Victor-Doru ekki hafa komið með seðlana til landsins og fyrri framburður hennar hefði verið rangur, hún hefði verið að segja ósatt um hans aðkomu að málinu. Hún sæi mikið eftir þessu og vildi endurgreiða þær fjárhæðir sem hún hefði fengið skipt.

Aðrir ákærðu gáfu skýrslu hjá lögreglu í byrjun nóvember 2020 og báru á sama hátt um aðkomu sína að málinu og ákærða X í síðastnefndri skýrslu.

Í kjölfar framangreindra yfirheyrslna virðist hafa orðið hlé á rannsókn málsins fram til 8. júní 2021, þegar unnin voru gögn er lutu að greiningu á eftirlíkingunum af evrum sem ákærðu höfðu notað í viðskiptum.

Í þeirri greiningu kemur fram að eftirlíkingar þessar séu af réttri stærð miðað við evrur og að litur og prentun seðlanna sé þökkaleg, annað mæli þeim ekki bót. Um sé að ræða gerviseðla frá Rússlandi og á þá vanti alla öryggisþætti auk þess sem texti á rússnesku sé á seðlunum. Áletraður sé á seðlana, bæði 100 evra seðla og 200 evra seðla, með kyrillísku letri texti á rússnesku sem þýði *ekki löggilt mynt/eða: notist ekki í viðskiptum* í staðinn fyrir raðnúmer sem séu á raunverulegum evruseðlum. Fyrir ofan orðið Euro á seðlunum standi rússneska orðið *souvenir* ritað með kyrillísku letri, sem merki minjagripur, og loks sé bókstafurinn R í orðinu EURO ritaður með kyrillíska bókstafnum Я. Þá sé auðkenni Seðlabanka Evrópu á raunverulegum evru seðlum, BCE ECB EZB EKT EKP ásamt ártalinu 2002, en á eftirlíkingunum standi í þess stað sami rússneski textinn ritaður með kyrillísku letri og ritaður er á hinni hlið seðlanna. Pappír seðlanna hafi verið þannig að þeir lituðust með sérstökum penna sem er gerður til að prófa seðla en raunverulegir peningaseðlar litist ekki ef slíkum penna er beitt á þá. Loks vanti alla öryggisþætti á seðlana, svo sem vatnsmerki, upphleypt letur, öryggislínu, merki sem gert er með þrívíðri laserprentun og lit sem breytist eftir því hvernig seðlinum er hallað.

Eftir að þessi greining hafði farið fram í byrjun júní 2021 liggur ekkert fyrir um það hvernig rannsókn málsins vatt fram fyrr en embætti héraðssaksóknara leitaði eftir afstöðu ríkissaksóknara til heimfærslu ætlaðra hegningarlaga brota með bréfi dagsettu 22. desember 2022. Við því bréfi brást embætti ríkissaksóknara með bréfi 5. janúar 2023 þar sem tekið var af skarið um að málið lyti að ætluðum brotum gegn 151. gr. eða 152. gr. almennra hegningarlaga eftir atvikum og væri því á forræði héraðssaksóknara að taka málið til meðferðar. Leiddi sú ákvörðun til útgáfu ákæru 2. febrúar 2023.

## II

### *Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi*

Ákærða X bar um málsatvik með sambærilegum hætti og hjá lögreglu 4. nóvember 2020 en skýrslutakan bar þess merki hve langt var um liðið. Hún kvaðst hafa fundið seðlana í hvítum plastpoka á litlum leikvelli nærri [...] og svo hafist handa við að skipta þeim í íslenskar krónur eins og að framan greinir. Hún bar um að hafa farið [...] og hitt þar

meðákærðu Andreeu og sagt henni frá peningafundinum og þær farið saman í Hagkaup og verslað. Eins bar hún um að hafa farið í N1 og keypt snakkpoka og gosdrykk og greitt með eftirlíkingum af evrum í bæði skiptin án þess að vera það ljóst. Ákærða staðhæfði að ef henni hefði verið það ljóst að ekki væri um lögmætan gjaldmiðil að ræða hefði hún ekki notað seðlana. Hún bar um að hafa haft samband símleiðis við Ion Calin og leitað liðsinnis Victors-Doru til að skipta evrunum í íslenskar krónur þar sem bankar hefðu verið lokaðir enda laugardagur. Þeir hefðu komið með þá hugmynd að skipta seðlunum í Háspennu og því hefðu þau mælt sér mót á Hlemmi til að fara í Háspennu en þangað hefði hún farið með strætisvagni. Hún greindi frá því að hún hefði lánað Victor-Doru umtalsverða fjárhæð en annars eytt peningunum sjálf. Hún hefði keypt sér síma, föt og skó auk skyndibita á veitingahúsum á sunnudeginum. Það hefði ekki hvarflað að henni að seðlarnir væru falsaðir og það því komið henni algerlega á óvart þegar hún hefði verið handtekin formálalaust á heimili sínu um kl. 19:00 á mánudagskvöldi 20. janúar 2020.

Sökum ungs aldurs hefði ákærða leitað ásjár hjá meðákærða Victor-Doru og beðið hann að liðsinna sér við að skipta seðlunum en hún hefði líka látið hann fá fjármuni vegna bágrar fjárhagsstöðu hans. Hún hefði í upphaflegum framburði borið á þann veg að hann hefði fengið hana til að skipta peningunum þar sem hún hefði óttast lögregluna og ekki þorað annað en að bera þetta upp á hann.

Ákærða Andreea, sem gaf fyrst skýrslu vegna málsins 4. nóvember 2020, bar með sambærilegum hætti og ákærða X bæði fyrir dómi og þegar ákærða X gaf skýrslu 4. nóvember. Ákærða Andreea greindi frá því að hafa hitt meðákærðu á [...] þar sem meðákærða hefði greint henni frá peningafundi sínum og að hún hefði sýnt ákærðu seðlana. Sig hefði ekki grunað að seðlarnir væru falsaðir en hún hefði beðið meðákærðu að lána sér 200 evrur til að kaupa leikfangabíl handa syni sínum. Þær hefðu svo farið saman í Hagkaup í Grafarvogi þar sem hún hefði keypt leikfangabíl handa drengnum.

Ákærði Ion Calin bar með sambærilegum hætti og ákærða X en hann gaf fyrst skýrslu vegna málsins 7. nóvember 2020. Hann bar um að hún hefði leitað til sín um ráð til að skipta seðlunum í íslenskar krónur. Honum og meðákærða Victor-Doru hefði hugkvæmst að fara í Háspennu í þessum tilgangi. Þeir tveir hefðu verið niðri í bæ og hefðu mælt sér mót við ákærðu á Hlemmi og þau svo farið í Háspennu þar sem þau hefðu skipt evrunum, sem hann hefði ekki grunað að væru falsaðar. Hann sjálfur hefði skipt 300 evrum sem hann hefði notað til að spila í spilakössum staðarins. Ákærði kannaðist einnig við að hafa farið í verslun N1 með ákærðu fyrir þetta sama kvöld.



Ákærði Y gaf fyrst skýrslu 20. janúar 2020 og greindi frá því að hafa fengið 100 evra seðil sem hluta endurgjalds fyrir síma sem hann hefði selt á vefsíðunni Brask og brall. Ákærði bar um að kaupandinn hefði verið meðákærði Victor-Doru sem hefði greitt með nefndum seðli og sagði að meðákærði hefði kynnt sig og hefði komið með seðlana til landsins. Hann sjálfur hefði svo nýtt seðilinn til að kaupa sér veitingar á veitingahúsinu Ölveri. Ákærði kvaðst hafa verið algjörlega grunlaus um að um falsaða seðla hefði verið að ræða. Fyrir dómi bar ákærði á sama veg um að hafa fengið greitt fyrir síma með hinum falsaða seðli en bar nú um að hafa verið ókunnugt um það hver hefði keypt símann. Sá maður hefði ekki kynnt sig og hann kynni engin deili á honum. Er framburður ákærða hjá lögreglu var borinn undir hann kannaðist hann við að hafa nefnt meðákærða sem kaupanda símans en bar um að hann hefði verið sér ókunnugur og í fyrri framburði hefði hann í raun haft uppi getsakir um að meðákærði Victor-Doru hefði komið með seðlana frá Rúmeníu.

Ákærði Victor-Doru Nicolau gaf fyrst skýrslu hjá lögreglu 7. nóvember 2020. Hann bar um málsatvik með sambærilegum hætti og ákærða X gerði 4. nóvember. Hún hefði leitað ásjár hjá honum um liðsinni við að skipta evruseðlum sem hún hefði fundið en sökum ungs aldurs hefði hún ekki getað staðið að því að skipta seðlunum í Háspennu sem hann og meðákærði Ion hefðu látið sér detta í hug. Að auki kannaðist ákærði við að hafa notað 200 evra seðil í Hagkaupi í Grafarvogi en evrurnar hefði hann meðal annars nýtt til að kaupa sígarettur handa meðákærðu X. Ákærði þvertók fyrir að hafa keypt síma af meðákærða Y og neitaði því eindregið að þekkja meðákærða.

Starfsmaður Háspennu ehf. gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá málsatvikum eins og þau horfðu við honum. Ákærðu, X, Ion og Victor-Doru, ásamt einni konu í viðbót hefðu komið inn á staðinn og falast eftir að skipta evrum til þess að spila í spilakössunum. Starfsmaðurinn bar um að hafa reynt að glöggva sig á fyrsta seðlinum með því að bera hann upp að ljósi en ekkert séð athugavert við hann. Starfsmaðurinn gat þess að þótt hann væri heldur ókunnugur evrum væri það ekki óalgengt að ferðamenn óskuðu eftir að fá erlendum gjaldmiðli skipt til að spila í spilakössunum sem einvörðungu tækju íslenskar krónur. Oftast notuðu viðskiptavinir greiðslukort til að fá reiðufé til að spila en það hefði þekkt að óskað væri eftir að skipta erlendum seðlum. Aðspurður um þá fjárhæð sem skipt var og magn seðla bar vitnið um að fjárhæðin sem slík væri ekki svo há að óvenjulegt teldist en hann bar um að hann hefði verið gripinn einhverri óþægindatilfinningu vegna þessara viðskipta og samskipta. Hann hefði hins vegar róast

er ákærði Victor-Doru slóst í för með honum er hann steig út úr húsi til að reykja. Ákærði hefði fylgt honum og þeir rætt saman og þar hefði ákærði dæst nokkuð yfir slæmu gengi í spilakössunum, hann væri alltaf að tapa. Vitnið taldi þar komna skýringu á því að sífellt væri verið að skipta fleiri seðlum.

Ákærðu gerðu öll grein fyrir því að hafa verið búsett í fæðingarlandi sínu Rúmeníu og svo á Íslandi en ekkert þeirra hefði búið annars staðar. Fram kom að ekkert þeirra væri langskólagengið og ekkert þeirra hefði nýtt evrur í sínu daglega lífi enda allt annar gjaldmiðill í Rúmeníu, eins og á Íslandi. Þau hefðu sáralitla atvinnusögu hér á Íslandi og ekkert þeirra hefði haft peninga milli handa í þeim störfum sem þau hefðu sinnt héraðs eða í Rúmeníu.

### III

#### *Niðurstaða*

Ákærðu er öllum gefið að sök brot gegn 151. gr. almennra hegningarlaga og til vara brot gegn 1. mgr. 152. gr. almennra hegningarlaga. Brot gegn 151. gr. felur í sér ásetningsbrot, að láta út, eins og það er orðað, peninga sem viðkomandi sé ljóst að séu falsaðir en við slíku broti liggur sama refsing og ef viðkomandi hefði falsað þá sjálfur, eða 12 ára fangelsi. Beita má samkvæmt 2. málslíð ákvæðisins vægari refsingu, allt að eins árs fangelsi, ef viðkomandi hefur haldið að peningar væru ósviknir þegar honum áskotnuðust þeir. Brot gegn 152. gr. fjallar um það gáleysisbrot að láta út peninga sem viðkomandi grunar að séu falsaðir en fyrir slíkt skal refsa með allt að tveggja ára fangelsi. Hafi hann haldið að peningarnir væru ósviknir þegar hann fékk þá er kveðið á um í 2. málslíð að beita megi sektum og jafnvel láta refsingu falla niður.

Því var lýst afdráttarlaust yfir af hálfu ákærðu að þær eftirlíkingar af evrum sem sakargiftir málsins lúta að séu falsaðar í skilningi framangreindra lagaákvæða eins og ákærvaldið byggir á. Fallist er á af hálfu dómsins að um sé að ræða fölsun á peningum með einni af þeim fölsunaraðferðum sem lýst er í greinargerð með 150. gr. sem fylgdi frumvarpi til almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að búin sé til eftirmynd peninga, það er nýr hlutur, sem verðyfirlýsing er fölsuð á. Ekki er byggt á því af hálfu ákærvaldsins að ákærðu hafi staðið sjálf að fölsun þessari, en samkvæmt rannsóknargögnum mun vera hægt að kaupa eftirlíkingar sem þessar í verslunum í Rússlandi og þær munu vera framleiddar þar í landi.

Upplýst er og játað af hálfu allra ákærðu að þau notuðu eftirlíkingarnar af evrum í samræmi við það sem greinir í ákæru. Háttsemi hvers og eins ákærðu er sem slík þannig óumdeild. Ákærðu byggja sýknukröfur sínar á því að þeim hafi ekki verið ljóst að um eftirlíkingar peningaseðla hefði verið að ræða þegar þau notuðu þær í lögskiptum.

Ákæruvaldið byggir á því að beita eigi 1. málslið 151. gr. sem kveður á um að hver sá sem notar peninga sem hann veit að eru falsaðir skuli sæta sömu refsingu og sá sem hefur falsað peninga sjálfur en það brot getur varðað fangelsi allt að 12 árum, eins og áður gat. Þegar horft er til upphafs lögreglurannsóknar máls þessa sýnast vera sterkar vísbendingar um að um ásetningsbrot hafi verið að ræða í andstöðu við 1. málslið 151. gr., í það minnsta hjá ákærðu, X, Victor-Doru, Ion og Andreeu sem öll tengjast sömu atburðarásinni. Ákærði Y nýtur þeirrar sérstöðu meðal ákærðu að þekkja ákærðu X ekki og hafa ekki fengið eftirlíkingu evruseðils frá henni. Verður fjallað sérstaklega um ákæru á hendur honum.

Upphaflegur framburður ákærðu X felur í sér trúverðugri frásögn af tildrögum þess að ákærðu nýttu sér títtnefndar eftirlíkingar í lögskiptum, að ákærði Victor-Doru hafi haft frumkvæði að því að fá hana til liðs við sig við að skipta eftirlíkingunum fyrir íslenskar krónur. Á hitt er á hinn bóginn að líta að ákærða X vatt kvæði sínu í kross þegar hafist var handa við að rannsaka málið eftir tæplega tíu mánaða hlé sem varð á rannsókninni vegna heimsfaraldurs Covid-19. Þá greindi hún frá því að hafa fundið eftirlíkingarnar á leikvelli og síðan skipt þeim sjálf eða meðákærðu Andreea, Victor-Doru og Ion að hennar frumkvæði þar sem hún hefði afhent þeim seðla í þeim tilgangi. Önnur ákærðu báru öll á sama veg og ákærða þegar skýrslur voru teknar af þeim eftir nefnt hlé á rannsókninni en ekkert þeirra hafði áður gefið skýrslu.

Í ljósi samhljóða framburðar ákærðu hvað varðar tildrög þess að eftirlíkingarnar komust í hendur ákærðu X, og þess að engum rannsóknargögnum er til að dreifa sem renna stöðum undir að frásögn þessi sé efnislega röng verður ekki á það fallist að lögfull sönnun liggi fyrir um að ákærðu, X, Andreea, Ion og Victor-Doru, hafi gerst brotleg við 151. gr. almennra hegningarlaga, að þau hafi haft ásetning til að dreifa fölsuðum evrum. Þótt frásögn X af því að hafa fundið poka með evrum á víðavangi sé með nokkrum ólíkindum er hún alls ekki fráleit og það að finna peninga með þessum hætti þarf í sjálfu sér ekki að leiða þann sem finnur að þeirri ályktun að seðlarnir séu falsaðir. Ákæruvaldið hefur þannig ekki risið undir sönnunarbyrði sinni í þessu tilliti, sbr. 108. gr. laga um

meðferð sakamála. Verða þessi ákærðu sýknuð af ákæru fyrir að hafa brotið gegn 151. gr. almennra hegningarlaga.

Kemur þá til skoðunar varakrafa ákæruvaldsins um að sakfella beri ákærðu fyrir brot gegn 152. gr. almennra hegningarlaga þar sem þau hafi mátt gruna að peningarnir væru falsaðir þegar þau létu þá af hendi í lögskiptum. Að mati dómsins verður að horfa til þess að þótt þau hafi ekki mátt vita að peningarnir væru falsaðir, þannig að fullnægt væri ásetningsskilyrði 151. gr., verður ráðið af háttsemi ákærðu að þau hafi í það minnsta haft grunsemdir um þetta. Er þar einkum til þess að líta að málsatvik eru með þeim sérstæða hætti að ákærðu notuðu þessar eftirlíkingar af seðlum á stuttu tímabili á laugardagskvöldi 18. janúar 2020 og rétt fram yfir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 19. janúar. Ákærða X greiddi þrisvar með eftirlíkingum af 200 evra seðlum þetta kvöld á rétt liðlega hálf tíma, fyrst á bensínstöð N1 og svo tvisvar í Hagkaupi. Þá greiddi ákærða Andreea með 200 evra seðli augljóslega í sömu ferðinni í Hagkaup enda keypti ákærða X varning á fáum mínútum bæði fyrir og eftir viðskipti Andreeu. Svo bar ákærða Victor-Doru að garði í Hagkaupi nokkru síðar, að sögn í þeim tilgangi að kaupa sígarettur fyrir ákærðu X. Í öllum þessum viðskiptum var andvirði hins keypta einungis lítið brot af ætluðu verðgildi evra gagnvart íslensku krónunni á þeim tíma þannig að öll fengu ákærðu mjög ríflegan afgang. Við blasir þegar horft er til þess hversu oft keypt var á örstuttum tíma að markmið viðskiptanna hefur varla verið nema öðrum þræði þau vörukaup sem þó fóru fram í hvert sinn. Steininn tekur svo úr þegar ákærðu X, Ion og Victor-Doru fóru sérstaka ferð [...] á laugardagskvöldi undir miðnætti til að fara í Háspennu að skipta eftirlíkingunum út fyrir íslenskar krónur þannig að þegar upp var staðið, laust fyrir klukkan eitt aðfaranótt sunnudags, var búið vað skipta helftinni af þeim eftirlíkingum af 10.000 evrum sem ákærða X bar um að hafa fundið. Af þessari atburðarás, eins og að henni var staðið af hálfu ákærðu, verður ekki dregin önnur ályktun en sú að þau hafi talið brýnt að hraða skiptum á eftirlíkingunum fyrir gjaldgenga íslenska mynt. Það stóð enda heima að lögregla var kominn á snoðir um háttsemi ákærðu strax á sunnudegi og það leiddi til handtöku ákærðu X mánudaginn 20. janúar. Sú skýring ákærðu að þau hafi þurft að hafa þennan háttinn á þar sem bankar eru lokaðir um helgar er ekki haldbær í þessu tilliti. Ekki verður séð að nein rökbundin nauðsyn hafi staðið til þess að skipta þessum seðlum fyrir íslenskar krónur á laugardagskvöldi. Jafnvel þótt ákærða X hefði haft hug á að fara og kaupa sér föt, skó og síma á sunnudeginum nægir það ekki sem haldbær skýring sem væri til þess fallin að skjóta stoðum undir málalíbúnað ákærðu að skipta

þyrfti eftirlíkingum fyrir ríflega milljón íslenskra króna á laugardagskvöldinu og þar af stærsta hlutanum með blekkingum gagnvart starfsmanni Háspennu sem fólust í að skipta margoft fjárhæðum og gefa til kynna að spilalukkan hefði verið svo öndverð að tap í spilakössunum kallaði á meiri fjárútlát. Í þessu sambandi verður ekki heldur fram hjá því litið að þrátt fyrir að margnefndar eftirlíkingar hafi verið að stærð og útliti það líkar evrum að ákærðu auðnaðist að nýta sér þær og blekkja þannig í lögskiptum var þeim ljóst að ákærða X hafði komið höndum yfir þær með mjög óvanalegum hætti sem vafalaust hefur kallað á að þær væru gaumgæfðar. Óháð því hvort ákærðu væru læs á rússnesku og gætu lesið sér til gagns texta með kyrillísku letri verður ekki fram hjá því litið að þegar horft væri á bunka af slíkum seðlum í góðu tómi myndi slík kyrillísk áletrun tæpast fara milli mála þegar bunkinn væri handfjatlaður. Þegar þannig er horft til hlutrænna málsatvika í heild og þau borin saman við skýringar ákærðu verður því slegið föstu að ákærðu hafi haft grun um það að peningarnir sem þau fengu skipt fyrir íslenskar krónur sitt hvorum megin við miðnætti 18. og 19. janúar 2020 væru falsaðir. Verða ákærðu þannig sakfelld fyrir brot gegn 1. málslíð 152. gr. almennra hegningarlaga. Á það verður ekki fallist að háttsemi ákærðu verði færð undir 2. málslíð 152. gr. í ljósi þess hvernig ákærðu stóðu að því að skipta eftirlíkingunum, fyrst með tíðum ferðum í verslanir á laugardagskvöldi og svo með ferðinni í Háspennu um miðnætti sama kvöld. Hvort tveggja bendir til skipulagðrar aðgerðar sem hafi haft það að markmiði að skipta eftirlíkingunum sem hraðast, en það bendir ekki til þess að þau hafi staðið í þeirri trú að peningarnir væru ósviknir.

Hvað ákæru á hendur ákærða Y snertir eru málsatvik með öðrum hætti en annarra ákærðu og háttsemi hans ótengd þeirra háttsemi eins og málið liggur fyrir dóminum. Tengsl sakargiftanna felast í því að ákærði Y notaði eftirlíkingu af 100 evra seðli sem er sams konar og þeir seðlar sem önnur ákærðu voru með og eins tengist atvikið í tíma þar sem ákærði Y keypti sér veitingar og greiddi fyrir með nefndri eftirlíkingu á sunnudagskvöldinu 19. janúar 2020. Í fyrsta framburði ákærða fólst einnig tenging við ákærða Victor-Doru þar sem ákærði Y bar um það í fyrstu að hafa selt ákærða Victor-Doru notaðan Samsung S7-síma sem ákærði Y hefði auglýst til sölu á sölusíðu fyrir notaða muni. Af þeim framburði hjá lögreglu má ráða að ákærði hafi í það minnsta kannast við ákærða Victor-Doru. Fyrir dómi bar ákærði á hinn bóginn um að hafa ekki þekkt kaupanda símans og neitaði því að hafa selt meðákærða símtækið. Ákærði Victor-

Doru hefur frá upphafi neitað því að hafa keypt síma og þannig hafnað framburði ákærða Y alfarið.

Þrátt fyrir þetta ósamræmi í framburði ákærða Y verður ekki fram hjá því litið að ekkert bendir til að ákærði hafi haft það sem sérstakt markmið að skipta eftirlíkingunni af 100 evra seðlinum á barnum á Ölveri heldur dvaldi hann þar ásamt þremur öðrum við að spila snóker og greiddi svo veitingar með seðlinum á barnum. Þótt hann hafi þannig notað seðilinn í viðskiptum er yfirbragð þeirra viðskipta allt annað en í tilviki meðákærðu, sem nýttu eftirlíkingarnar með skipulögðum hætti. Þá hefur ákærði í sjálfu sér gefið skýringu á því hvernig hann fékk seðilinn, sem er ekki fjarstæð, en ef hún er rétt væri ákærði í raun fórnarlamb aðila sem keypt hefði af honum síma með fölsuðum seðli. Engin rannsókn fór fram af hálfu lögreglu er laut að skýringu ákærða. Þannig var engra upplýsinga aflað um það hvaða símtæki hefði verið um að ræða og ekki heldur kannað hvort ákærði hefði raunverulega auglýst síma til sölu á nefndri vefsíðu. Með hliðsjón af málsatvikum og fyrirbyggjandi skorti á rannsókn á þætti ákærða Y verður ekki talið að ákæruvaldið hafi sannað að hann hafi brotið gegn 151. eða 152. gr. almennra hegningarlaga og verður hann þannig sýknaður af öllum sakargiftum í málinu.

#### IV

Ákærðu X, Andreea, Ion og Victor-Doru hafa í samræmi við ofangreint unnið til refsingar í málinu. Við ákvörðun refsingar verður þó gagnvart þeim öllum að horfa til þess að ótæpilegur dráttur hefur orðið á þessu máli hjá lögreglu og ákæruvaldinu sem einungis hefur verið réttlættur að litlu leyti. Þannig hófst rannsókn málsins 20. janúar 2020 en lá svo niðri fram í nóvember sama ár. Síðan virðist hafa verið unnið að rannsókn málsins í júní 2021 en frá þeim tíma liggur ekkert fyrir um frekari rannsókn eða vinnu fyrir en undir lok árs 2022 sem leiddi svo til ákæru máls þessa 2. febrúar 2023. Við ákvörðun um refsingu hvers og eins verður tekið mið af þessum stórfellda drætti.

Ákærða X er fædd [...] og hefur samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 7. febrúar 2023, ekki áður sætt refsingu. Með hliðsjón af óhóflegum drætti málsins og því að ákærða var aðeins [...] ára og því ófjárráða er málsatvik áttu sér stað verður ákvörðun refsingar hennar frestað í samræmi við a-lið 1. mgr. 57. gr. og falli hún niður að tveimur árum liðnum haldi ákærða almenn skilyrði 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða Andreea-Efigenia er fædd [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 7. febrúar 2023, hefur hún ekki áður sætt refsingu. Með hliðsjón af óhóflegum drætti málsins og því að brot ákærðu lýtur einungis að notkun á einni eftirlíkingu af 200

evra seðli verður ákvörðun refsingar hennar frestað í samræmi við a-lið 1. mgr. 57. gr. og falli hún niður að tveimur árum liðnum haldi ákærða almenn skilyrði 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Victor-Doru er fæddur [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 7. febrúar 2023, hefur hann ekki áður sætt refsingu. Við ákvörðun refsingar hans verður að horfa til þess að hann og ákærði Ion áttu hugmyndina að því að skipta eftirlíkingum af evrum í íslenskar krónur í stórum stíl í Háspennu og stóðu að skipulagningu þeirrar aðgerðar. Þá verður ekki fram hjá því litið að ákærði stuðlaði með háttsemi sinni að refsiverðri háttsemi X, sem var ófjárráða fyrir æsku sakir, og hann fékk verulegan hluta ágóðans í sinn hlut. Verður þannig horft til 1. og 7. töluliðar 70. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar og hins óhóflega dráttar málsins og refsing þannig ákveðin fangelsi í sex mánuði en fullnustu refsingarinnar verði frestað og hún falli niður að þremur árum liðnum haldi ákærði almenn skilyrði 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Ion er fæddur [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 7. febrúar 2023, hefur hann áður sætt refsingum, 200.000 króna sekt vegna þjófnaðarbrot, sbr. 244. gr. almennra hegningarlaga, 5. desember 2019 og svo 10. febrúar 2021 hegningarauka við fyrrgreint brot fyrir umferðalagabrot, brot gegn 6. gr. laga nr. 65/1974 um ávana og fíkniefni og þjófnaðarbrot, sbr. 244. gr. almennra hegningarlaga. Síðastnefnda brotið framdi ákærði eftir að atvik þessa máls áttu sér stað og verður honum því dæmdur hegningarauki á ný, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar hans verður jafnframt að horfa til þess að hann og ákærði Victor-Doru áttu hugmyndina að því að skipta eftirlíkingum af evrum í íslenskar krónur í stórum stíl í Háspennu og stóð hann ásamt meðákærða að skipulagningu þeirrar aðgerðar. Þá verður ekki fram hjá því litið að ákærði stuðlaði með háttsemi sinni að refsiverðri háttsemi X, sem var ófjárráða fyrir æsku sakir [...]. Verður þannig horft til 1. og 7. töluliðar 70. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar og hins óhóflega dráttar málsins til mótvægis og refsing þannig ákveðin fangelsi í fjóra mánuði. Fullnustu refsingarinnar verður frestað og hún falli niður að þremur árum liðnum haldi ákærði almenn skilyrði 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga

## V

Ákærðu X, Andreea, Ion og Victor-Doru hafa öll samþykkt bótakröfur einkaréttarkröfuhafa, sem beinast að þeim hverju fyrir sig og fram koma í ákæru, án athugasemda og verða þær teknar til greina eins og nánar greinir í dómsorði. Fallist verður á að kröfur einkaréttarkröfuhafa beri vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. janúar 2020 allt til þess að ákærðu voru kynntar bótakröfurnar er ákærðu mættu fyrst fyrir dóm en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr.

6. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags en ekki verður séð að ákærðu hafi verið kynntar kröfurnar fyrir. Andreea, X og Ion mættu fyrir dóm 8. mars 2023 og voru þeim þar kynntar kröfur einkaréttarkröfuhafa en ákærði Victor-Doru mætti fyrst fyrir dóm 23. mars 2023 og voru honum þá kynntar kröfur einkaréttarkröfuhafa.

Ákærðu greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Karólínu Finnbjörnsdóttur lögmanns, sem ákveðin er með tilliti til yfirlits yfir vinnustundir, eins og nánar greinir í dómsorði, að meðtöldum virðisaukaskatti, en 1/10 af þeim kostnaði verður lagður á ríkissjóð vegna ágalla á frágangi málgagna sem bæði olli aukinni vinnu við málsvörn vegna óþarfa skjala og ruglingslegrar framsetningar þeirra, en einnig sökum þess að meðal málgagna voru skjöl sem áttu þar ekki heima, sbr. 2. málslið 2. mgr. 134. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Við ákvörðun málsvarnarlauna er tekið tillit til þess að verjandinn gætti hagsmuna allra sakborninga en jafnframt gætti verjandinn hagsmuna tveggja sakborninga, X og Victors-Doru Niculau, á rannsóknarstigi og verður ákvörðuð þóknun fyrir þau störf 180.792 krónur vegna ákærðu X og 87.048 krónur vegna ákærða Victors-Doru. Ákærði Ion verður einnig dæmdur til að greiða annan sakarkostnað vegna þóknunar verjanda á rannsóknarstigi, Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur lögmanns, 70.680 krónur.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari og af hálfu allra ákærðu flutti málið Karólína Finnbjörnsdóttir sem skipaður verjandi hvers þeirra fyrir sig.

Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D Ó M S O R Ð:**

Ákvörðun refsingar ákærðu, X, er frestað og fellur niður að tveimur árum liðnum frá dómsuppkvaðningu haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða greiði 9/10 hluta af málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns, Karólínu Finnbjörnsdóttur lögmanns, að meðtalinni þóknun vegna starfa verjanda á rannsóknarstigi, 500.811 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Að auki greiðist 1/10 hluti þóknunar verjanda, 35.558 krónur, úr ríkissjóði.

Ákvörðun refsingar ákærðu, Andreeu Efigeniu Feraru, er frestað og falli hún niður að tveimur árum frá dómsuppkvaðningu haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða greiði 9/10 hluta af málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns, Karólínu Finnbjörnsdóttur lögmanns, 320.019 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Að auki greiðist 1/10 hluti þóknunar verjanda, 35.558 krónur, úr ríkissjóði.

Ákærði, Victor-Doru Niculau, sæti fangelsi í 6 mánuði en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar og hún falla niður að þremur árum liðnum frá dómsuppkvaðningu haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði greiði 9/10 hluta af málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns, Karólínu Finnbjörnsdóttur lögmanns, að



meðtalinni þóknun vegna starfa verjanda á rannsóknarstigi, 410.415 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Að auki greiðist 1/10 hluti þóknunar verjanda, 35.558 krónur, úr ríkissjóði.

Ákærði, Ion Calin, sæti fangelsi í 4 mánuði en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar og hún falla niður að þremur árum liðnum frá dómsuppkvaðningu haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði greiði 9/10 hluta af þóknun skipaðs verjanda síns, Karólínu Finnbjörnsdóttur lögmanns, 320.019 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, en 1/10 hluti þóknunar verjanda greiðist úr ríkissjóði, 35.558 krónur. Ákærði greiði í annan sakarkostnað 70.680 krónur vegna þóknunar Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur lögmanns.

Ákærði, Y, er sýknaður af kröfu ákæruvaldsins. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Karólínu Finnbjörnsdóttur, 355.577 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærða X greiði Högum hf. 49.200 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. janúar 2020 til 8. mars 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá þeim tíma til greiðsludags.

Ákærðu X, Ion Calin og Victor-Doru Nicolau greiði Háspennu ehf. 1.084.828 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. janúar 2020 til 8. mars 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá þeim tíma til greiðsludags er varðar ákærðu X og Ion en til 23. mars 2023 er varðar ákærða Victor-Doru.

Ákærða Andreea Feraru greiði Högum hf. 24.600 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. janúar 2020 til 8. mars 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá þeim tíma til greiðsludags.

Ákærði Victor-Doru Nicolau greiði Högum hf. 24.600 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. janúar 2020 til 8. mars 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá þeim tíma til greiðsludags.

Björn L. Bergsson